

UPPRUNI ISLENDINGA
UM KENNINGAR BARÐA GUÐMUNDSSONAR
Höfundur Gunnar Gunnarsson

Aðfararorð

Árið 1959 kom út safn ritgerða eftir Barða Guðmundsson. — Bók þessi kom út að honum látnum og bjuggu þeir Skúli Þórðarson og Stefán Pétursson ritið til prentunar. Bókina nefna þeir „Uppruna Islendinga“, og spannar hún bæði fyrstu aldirnar eftir Islandsbyggð sem og forsögulegan uppruna þeirra, sem landið námu.

Með þessum ritgerðarstúf er það einkum ætlun mín að reyna að gera skil þeim hluta bókarinnar, sem fjallar um forfeður íslendinga og ræða þær mjög nýstárlear kenningar, sem Barði setti fram um uppruna þjóðarinnar. Það er raunar vægt sagt að halda því fram, að kenningar hans væru nýstárlegar; byltingarkenndar er orð, sem betur á við, því með þeim má segja, að höfð hafi verið endaskipti á þeim hugmyndum, sem menn hafa gert sér um forfeður Íslendinga og þjóðfélag það, er þeir settu á stofn. Áður en tekið verður til við að ræða kenningar þessar, verð ég að játa, að vöntun heimildaskrár með bókinni hefur valdið því, að nokkuð örðugt er að átta sig á því, hvaða rit Barði hefur stuðzt við. Kemur þetta sér einkanlega illa, þegar í hlut á aðili, sem ekki hefur yfir að ráða víðtækri þekkingu á fornum bókmenntum. Á ég þar einkum við rit um Gota og sögu þeirra, því þar inni fléttast sagan um Herúla, þjóðflokk, er Barði telur hafa lagt hvað drýgstan skerf til íslenzkrar menningar og þjóðfélagsuppbyggingar. Þeim verða þó gerð skil eftir því sem efni ná til.

Þá verð ég að lokum að láta getið undrunar minnar yfir því, hve lítill gaumur hefur verið gefinn kenningum Barða í íslenzkum skólum, svo róttækar sem þær eru og eiga e.t.v. eftir að bregða algjörlega nýju ljósi á uppruna Íslendinga. Taki einhver við þar sem Barði lét staðar numið, fer varla hjá því, að sá muni komast að niðurstöðum, er stórlega breyti þeim hugmyndum sem íslendingar hafa um uppruna sinn.

Norskastir allra Norðmanna

Harðar Saga og Hólmverja hefst á þessum orðum: „Á dögum Haralds hins hárfagra byggðist mest Island, því at menn þoldu eigi ánaud hans ok ofríki, einkanliga þeir, sem voru stórrar ættar ok mikillar lundar, enn áttu góða kosti, og vildu þeir heldr flýja eignir sínar, enn þola ágang ok ójafnað, eigi heldr konungi enn öðrum manni.“ Þeir, sem þannig flúðu ofríki Haralds, virðast hafa

verið hið mesta mannvál. Í fornritunum eru lögð fram um þetta margvísleg gögn, bæði í ættartölum og mannlýsingum og samkvæmt þeim og ýmsu, sem merkilegt hefur þótt í menningu þjóðarinnar, hafa síðari tíma-menn gert sér allstórar hugmyndir um uppruna íslendinga. —

Hafa erlendir fræðimenn jafnvel gengið enn lengra í þessum efnun en Íslendingar sjálfir. Því til stuðnings má nefna tvær tilvitnanir í bók Sigurðar Nordals, „Íslenzk Menning“; Eftir Ernst Sars hefir hann: „Land námsmennirnir voru af höfðingja ættum norskra hölda og hersa. Þeir voru ósveigjan legustu og stríðlyndustu mennirnir af þessum ættum.“

— Það má því segja, að þeir ættbálkar, sem ílentust á Islandi, hefi verið norskastir allra Norðmanna, la crème de la crème (kjarninn af kjarnanum), sá hluti þjóðarinnar, er tekið hafði sérstæustum þroska. Varla hefur nokkurn tíma verið þjóðfélag, sem að tiltölu við mannfjölda var skipað svo mörgum stórum, göfugum og tiginbornum ættum sem íslenzka þjóðin, fyrstu aldirnar eftir að landið byggðist.“

Eftir breska rithöfundinum E. R. Eddison hefur Nordal þá staðhæfingu, að landnámsmennirnir hafi verið úrval og blómi norsku þjóðarinnar. Eddison bætir síðan við: „Til þess að finna eitthvað sambærilegt, yrðum vér að hugsa oss, að Mayflower hafi ekki siglt frá Englandi á dögum Jakobs fyrsta, heldur lá ríkisstjórnárárum Elísabetar drottningar, og á skipinu hefðu ekki verið pílgrimsfeður, heldur hefði einhver fáránleg harðstjórn, sem enginn hefði áður þekkt dæmi til, rekið frá Englandi menn með sams konar skaplyndi og hæfileika sérh Raleigh og Drake, Sidney og Marlowe." Við þess konar og álíka staðhæfingar höfum við Islendingar yljað okkur um aldaraðir.

Hreint ekki norskir

Gegn þeirri skoðun, að Islendingar séu eingöngu af Norðmönnum komnir, svo ekki sé talað um „norskastir allra Norðmanna", ostar Barði Guðmundsson geir sínum. Gengur hann þar hiklaust til verks og slær hvergi varnagla við þeim fullyrðingum, að frá upphafi hafi Islendingar verið svo ólíkir Norðmönnum, að það geti engan vegin staðizt, að þeir hafi verið brot af hinni norsku þjóð. Til þess hafi menning Islendinga og stjórn arhættir verið of frábrugðin norskri menningu og stjórnarhátum. Skulu nú teknar þær helztu stoðir, sem Barði rennir undir kenningar sínar og reynt að gera þeim nokkur skil.

Barði heldur því fram, að Islendingar hafi ekki sniðið stjórnskipulag sitt eftir því norska, þvert á móti sé það beinlínis af heimildum ráðið, að þjóðskipulag vort hafi verið svo gjörólíkt því norska, að það geti ekki hafa verið byggt af mönnum norskra ætta. Væri það rétt, að landnámsmennirnir hafi flestir verið af kyni hinnar óðalbornu norsku höfðingja stéttar, mætti með góðri vissu ætla, að óðalsréttur hefði verið tekinn upp á Islandi í fornöld, en þess finnst enginn vottur. 1 fornlögum vorum kemur ekki einu sinni orðið óðal fyrir, og munu þess varla finnast dæmi í eldri bókmenntum Islendinga, að jarðeign á Islandi sé nefnd óðal. Getur Barði þess, að jarðir hafi raunar gengið í erfðir um langan tíma áður en þær gátu talizt óðal samkvæmt norskri venju og rétti, en þess beri að gæta, að allmörg íslensk höfuðból voru orðin um það bil hálftrar aldar

gömul, er allsherjar lög voru sett á landinu og sé vert að haf a þetta í huga, því samkvæmt norskum fornlögum gátu menn öðlazt óðalsrétt á jafnvel skemmri tíma. Því verði það ekki sagt, að líkur séu miklar fyrir því, að íslenzku landnámsmennirnir hafi alizt upp við óðalsrétt og norska stéttaskipan. Nú er rétt að geta þess, að Barði tekur ekki fyrir það, að land námsmennirnir hafi komið frá Noregi og sú skoðun, að þeir hafi flúið land fyrir ofríki Haralds hárfagra, er mjög kunn af Landnámu og öðrum fornnum heimildum. —

Engin ástæða er til að draga þessa skoðun í efa, en hins vegar er nauðsynlegt að átta sig vel á forsendum hennar.

Hafi forfeður Islendinga einungis dvalizt í Noregi um fáa mannsaldrar, verið þar „aðskotadýr", áður en þeir fluttu búferlum til Islands, og aldrei samræmt norskum venjum, en hins vegar

halðið fornnum menningarvenjum sínum, er það að sjálfsögðu auðskilið, að slíkt þjóðarbrot haf i helzt hrökklazt úr landi við hina nýju skipan Haralds konungs. — Frjálsræði þeirra var stefnt í hættu við hið aukna ríkisvald. Þeir eru enn aðkomuþjóð og eiga því ekki samleið með öörum íbúum Noregs. Þeir eru minnugir fornra tíma, er forfeður þeirra lögðu land undir fót og fóru víða um Evrópu, en á síðari hluta 9. aldar var ekki í mörg hús að vanda. Hinar norsku nýlendur á Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum hafa verið byggðar að mestu leyti

Þegar fregnir berast svo um hið nýja land til Noregs, er þeim tekið af feginshug. — Vandamálið er leyst með því að hinn óbilgjarni og sjálfráði þjóðflokkur, sem neitar að

hlíta valdi Haralds, heldur skipum sínum til Íslands.

Snorri Sturluson segir, að Hákon Aðalsteinsfóstri hafi veitt bændum óðalsrétt að nýju og hin fornu óðöl sín. Telur Barði Snorra þannig vera að reyna að bjarga við kenningunni um að landnáms menn hafi flúið Noreg sökum þess, að þeir hafi ekki viljað vera leiguliðar Harald konungs. Þetta telur Barði ekki fá staðizt, enda hafi Haraldur ekki reynt að svipta menn óðölum. Fyrir þessari skoðun færir Barði held rokvi sem sé þau, að hefði Haraldur reynt að koma fram slíku ofbeldi gegn yfirstétt landsins, myndi konungdæmi hans hafa verið lokið á samri stundu. Er Haraldur hafði tekizt, með tilstyrk hinnar norsku höfðingjastéttar, að sameina Noreg, urðu hinar erlendu ættir, er settar höfðu að í landinu, harðast úti. Þær voru knúðar til að láta af hendi þær

óðalsjarðir, sem þær höfðu komizt yfir þar. Þær ættir, sem skemmsta viðvöl höfðu haft í Noregi, hafa auðvitað orðið harðast úti.

Gagnstætt því, sem var í Noregi, urðu jarlar og konungar ekki ráðandi á

Íslandi, heldur voru allir frjálsbornir menn jafnir fyrir lögum og þeir nutu eins og sama réttar. Undirstaða íslenskra stjórnaskipunarlaganna var goðastéttin og þótt frjáls bornir menn hafi verið jafnir fyrir lögum, gætti stéttar-, munar á Íslandi. Yfir bændaalmúganum stóðu hinar kynbornu ættir eða goðastéttin, sem í raun virðist hafa ráðið nær öllu í landinu. Goðarnir voru í senn hinir andlegu leiðtogar fólksins sem hofprestar og verðslegir yfirmenn. Ekkert bendir til þess að slík þjóðfélagsstétt hafi nokkurn tíma verið til meðal Norðmanna. Orðið goði kemur aldrei fyrir um norska menn, og raunar aldrei utan Íslands nema á tveim rúnaristum í Danmörku. Hvergi nema á Íslandi vottar fyrir þeim stjórn

arháttum, sem þar tíðkuðust og reistar voru á goðum og goðorðum. Íslendingar hafa að sjálfsögðu ekki fundið þetta upp eftir að þeir komu til landsins, og er því auðsæilega um að ræða atriði, sem varðveitt hefur með for feðrum þeirra. Stofnun allsherjarríkis á Íslandi verður með undarlega skjótum hætti, og í sjálfu sér er ekki unnt að útskýra það nema með því, að landnámsmenn hafi margir vanizt við þær goðorðahugmyndir, sem ríkjandi urðu í heimalandi þeirra, áður en þeir fluttust til Íslands.

Skoða nánar [hér](#)

Lögberg-Heimskringla, föstudagur 29- februar, 1980

UPPRUNI ISLENDINGA

ANNAR HLUTI

UM KENNINGAR BARÐA GUÐMUNDSSONAR

Höfundur Gunnar Gunnarsson

Útfararsíðir,

Af Landnámabók má greina, að flestir landnámsmanna hafi komið frá vesturfylkjum Noregs. Þessu til stuðnings hafa málfræðingar leitazt við að benda á samanburð þróunar íslenskrar tungu og norsku mállýknanna vestan fjalls. Með þessu telur Barði, að fræðimenn álíti Íslendinga vera af vestnorskum stofni. Þeirri kenningu vísar hann á bug og máli sínu til stuðnings bendir hann á rannsóknir fornminjafraeðinga á útfararsíðum til forna. Mikill fjöldi dauðra manna grafa í ýmsum fylkjum Noregs hefur verið rannsakaður og hafa menn komizt að þeirri öruggu niðurstöðu, að mikið hafi þar kveðið að líkbrennslu á vikingatímanum. Bálfarargrafir eru taldar vera í miklum meirihluta. Barði bendir síðan á, að á Íslandi hafi einnig fundizt og verið rannsökuð leiði frá víkingaöld í ýmsum byggðarlögum. Meðal leiða þessara er engin bálfarargröf.

Í íslenskum bókmenntum er og hvergi á það minnzt, að líkbrennsla hafi átt sér stað

sem helgiathöfn. Sérfræðingar ganga frá því sem gefnu og telja fullsannað, að bálfarir hafi ekki tíðkast meðal landnámsmanna á Islandi né afkomenda þeirra. Barði spyr, hvernig unnt sé að samræma það, að íslendingar hafi flestir komið frá Noregi, en jafnframt hafi útfararsíðir þeirra verið gjörólíkir útfararsíðum þeim, er tíðkuðust þar í landi. Á því fyrirbæri telur hann vísindin enga viðunandi skýringu hafa gefið og sé þess ekki að vænta meðan menn ríghaldi í kenninguna um norskan uppruna íslenzku þjóðarinnar. Í augum Barða er svarið einfalt, sem sé, að um leið og var það sé fyrir róða kenningunni um hinn vestnorska uppruna, blasi skýringin við. Hinir gerólíku útfararsíðir eiga rót sína fyrst og fremst að rekja til innflutnings erlendra manna til Noregs, manna, er komu frá landi, sem hafnað hafði hinum forna líkbrennslusíð. — Líkbrennsla tíðkaðist meðal þeirra, sem fyrir voru í landinu, en aðkomumennirnir héldu fast við menningu forfeðra sinna og grófu sína framliðnu að hætti hins gamla föðurlands. — Því sé ljóst, hvernig á standi hinum mikla mun á útfararsíðum Norðmanna og íslendinga í heiðni. Meginþorri þeirra manna, sem fluttu til Íslands frá Noregi hefur verið af ættum aðkomumanna þar.

Höfðingjar og almúgi

Í bók sinni „Kuml og Haugfé“ gerir dr. Kristján Eldjárn þessu fyrirbæri nokkur skil. Getur hann þess, að í öllum meginatriðum hafi öll Norðurlönd verið eitt menningarsvæði frá alda öðli og séu veigamikil atriði í menningu Norðurlandþjóða þeim öllum sameiginleg. Það veki aftur á móti undrun, að á Islandi hefur ekki orðið vart sumra þeirra atriða, sem fastlega hefði mátt búast við Það atriði, sem hvað mesta athygli veki er einmitt þessi munur á útfararsíðum. Getur dr. Kristján þess að þegar frá eru skildar Færeyjar og Grænland, er Ísland eina landið á öllu víkingasvæðinu, þar sem engin brunakuml hafa fundizt. Þá getur hann þess, að líkbrennsla hafi verið fátíð í Danmörku á vikingaöld, þótt ekki hafi hún verið óþekkt. Mikill meirihluti kumla í Svíþjóð er brunakuml og að því er Noreg varðar, þá kemur hið sama upp á bátinn og Barði Guðmundsson byggir hluta kenninga sinna á: „Hlutfallið milli brunakumla í yfirgnæfandi meirihluta. Vestanfjalls er hlutur beinakumla til muna meiri.“ Ekki leitast dr. Kristján við að leysa þessa gátu til þrautar, en á hinn bóginn bendir hann á atriði, sem telja má, að óbeint renni stoð undir kenningu Barða. Dr. Kristján ræðir umbúnað kumla og getur þess, að hann haf i verið íburðarmestur þar sem konungar og hástéttir ríktu. „Skjótt er frá að segja, að hér á landi hafa aldrei verið kuml af þessari glæstu tegund, enda voru hér engir konungar. Íslenzku kumlin verður að bera saman við kuml almúgans. Kemur þessi staðhæfing ekki illa saman við það, sem að ofan er getið, að á Islandi urðu jarlar og konungar ekki ráðandi sem í Noregi, heldur voru allir frjálsbornir menn jafnir fyrir lögunum og nutu eins og sama réttar.

Barátta gegn Óðni

Ein ástæðan fyrir flutningi forfeðra Íslendinga frá Noregi var trúarfarslegs eðlis Haraldur hárfagri virðist hafa barizt gegn Óðinsdýrkun, a.m.k- einum þætti hennar, seið. Með Íslendingum var Óðinn guð skáldskapar, en slíkt mun ekki koma fram annars staðar. Seiður var mikilvægt atriði í Óðinsdýrkun Íslendinga og var seiðu ein þeirra íþróttar, sem Óðinn framdi og kenndi öðrum og í íslenzkum heimildum koma seiður og skáldskapur fyrir í sumum ættum. Einnig virðist hamremmi, Óðinsdýrkun og skáldskapur haf a haldizt í hendur, sbr. Egil Skallagrímsson og aðra Borgarmenn. Seiðmennska var í litlu afhaldi hjá Haraldi og lét hann m.a. Eirík blóðöx gera ferð til Upplanda þar sem hann brenndi inni Rögn vald bróður sinn með átta tugum seiðmanna. Á dögum landvinninga kemur þjóðstofn hofgoðanna til Danmerkur og flyzt þaðan til Svíþjóðar. „Óðinn setti lög i landi sínu,

þau, er gengið höfðu fyrr með Ásum." — Hann kenndi flestar íþróttir sínar blótgoðonum. — Voru þeir næstir honum um allan fróðleik og fjölkynngi. Íþróttirnar „kenndi hann með rúnum og ljóðum þeim, er galdrar heita. Fyrir því eru Æsir kallaðir galdrasmiðir." Öðinn og hofgoðarnir heita einnig „ljóðasmiðir, því sú íþrótt hófst af þeim á Norðurlöndum" Það er því ætlun Snorra, að hin norræna skáldlist og rúnamennt sé arfleifð Haralds var slík Óðinsdýrkun upprætt með öllu. Vart er við því að búast, að þeir, sem töldu seið og skáldskap fara saman, teldu sér sætt í Noregi. Seiðmenn og skáld fluttu til Íslands á landnámsöld. Með þeim hverfur dróttkvæðalistin svo til alveg frá Noregi, þótt örfá skáld hafi dvalizt áfram við hirð Haralds hárfagra, sem virðist hafa lagt mikla alúð á að hafa skáld við hlið sér.

Blótgoðar og galdrasmiðir

Barði Guðmundsson vitnar í Snorra Sturluson þar sem hann segir, að Æsir hafi komið til Norðurlanda frá Svartahafslöndum undir forystu tólf hofgoða, er réðu „fyrir blótum og dómum manna á milli." Öðinn er þeirra æðstur og eftir mikla aðkomumanna í Noregi.

Þykir Barða einkum merkilegt, að Snorri skuli gera ráð fyrir norrænni sérmenningu, sem upptök eigi í hinum fjarlægju Svartahafslöndum við Donósa og þá einkum fyrir það, að vitað er, að þar átti eitt sinn heimkynni norræn þjóð, Herúlar, sem getið er um í ritum frá þjóðflutninga tímanum. Því er rétt að gera Herúlum skil eftir mætti og er heimildir um þá aðallega að sækja í rit Prókópiusar og Tacitusar.

Herúlar

Herúla verður vart á Svartahafssvæðinu árið 267. og árið 268 við neðri hluta Rínar. Vestur Herúlar eru taldir hafa skilið eftir sig heldur fátæklegan slóða frá sögulegu sjónarmiði séð. Þeirra er nokkuð getið sem leiguhermannanna með Rómverjum áfjórðu og fimmtu öld, en við upphaf sjöttu aldar hverfa þeir af sjónarsviði sögunnar. Það eru því Austur-Herúlar, sem Barði beinir athygli sinni að og til þeirra telur hann liggja rætur Íslendinga — Hann fullyrðir, að rætur hins íslenzka stofns haf i ekki sótt næringu í norska mold.

Jafnframt segir hann, að lausn gátunnar um uppruna Íslendinga sé þyngrri þraut að leysa. „Samt mun lausnar leitað, og sé ég þegar glitta á götuslóða, er ganga má fram á leið. Hann skal rakinn, svo langt sem ratljóst er inn í rökkur heiðinnar fyrnsku." Götuslóðann rakti Barði síðan austur til Svartahafs, eða nánar tiltekið Azovshafs, þar sem talið er, að Herúlar hafi um tíma ráðið yfir öllu svæðinu frá Rosov til Odessa.

Herhlaup og ósigrar

Herúlar gerðu mikinn usla í ríki Rómverja á þriðju öld og herjuðu þeir þar með Gotum. Árið 267, þegar þeirra er fyrst getið, var merkisár í sögu Herula, a.m.k. frá hernaðarlegu sjónarmiði séð, því það ár nertóku þeir Byzantium, sigldu niður Eyjahaf og gerðu usla mikinn hjá Grikkjum, rupluðu m.a. Apenu, Spörtu og Argos. Mikla herferð gerðu Herúlar árið 269 á hendur Rómverjum en lítt varð sú ferð til fjár, því Kládius II, Rómverjakeisari, gjörsigraði þá við Naissus (Nis í Júgóslavíu) og er talið, að mikill hluti Herula hafi fallið þar fyrir Rómverjum. Um miðja fjórðu öld komust Herúlar undir yfirráð Austgotakonungsins Jörmunreks, en er Húnar brutust inn í Svartahafslöndin, urðu Austgotar að láta í lægra haldi fyrir þeim og sama varð hlutskipti Herúla.

Er Húnaveldi leið undir lok, komu Herúlar sér upp öflugum ríki á síðari hluta fimmtu aldar í Ungverjalandi. Langbarðar yfirbuguðu síðan ríki Herúla rétt eftir miðja sjöttu öld og var þá drepinn konungur þeirra, Hrólfur- Eftir það dreifast Herúlar. Margir þeirra lenda í þjónustu

austrómverska keisarans, en aðrir halda norður á bóginn.

Víst mun talið, að aðallega hafi þeir lagt leið sína til Danmerkur, en það er einmitt álit manna, að i upphafi hafi Herúlar verið hraktir suður á bóginn af Dönum.

ÞRIÐJI HLUTI

Ólæknandi elli

I frásögn sinni af Gotastríðunum greinir Prókópíus frá Herúlum, sögu þeirra, bátterni og siðum. Getur hann þess meðal annars, að með þeim hafi sá siður ríkt, að þá er menn hafi verið orðnir hrumir af elli eða sjúkir, hafi þeim ekki verið unnt lífs. Hlaðinn hafi verið bálköstur mikill og þar á lagður sá, er ekki þótti lengur alandi. Síðan var sent eftir einhverjum honum« óskyldum og var það hlutverk þess að drepa þann, er á kestinum lá. Það þótti hins vegar ekki við eiga að láta ættingja gegna böðulsstarf i þessu. Að drápinu loknu þustu ættmennir hins látna síðan að kestinum og lögðu eld að. Þegar eldurinn var slökknaður, voru bein hins brennda tínd saman og lögð í gröf. Þá getur Prókópíus þess, að það hafi þótt hæfa ekkju hins látna Herúla, ef hún vildi halda virðingu sinni og sóma að hún svipti sig lifi fljótlega eftir dauða maka síns með því að hengja sig við gröf hans. Sá siður, að konur hengdu sig að mönnum sinum dauðum minnir á sögnina í Hervarar sögu um konuna, sem var svo reið eftir fall föður síns, að hún hengdi sig sjálf í dísarsal.

Þessi siður Herúla að drepa fordæmda menn kemur vel heim við frásögn Snorra:

Óðinn varð sótt dauður í Svíþjóð. Og er hann var kominn að dauða, lét hann marka sig geirsoddi og eignaði sér alla vopndauða menn.

Um Njörð segir Snorri svipað: Njörður varð sótt dauður. Lét hann marka sig

Óðni, áður en hann dó. — Svíar brenndu hann og grétu allmjög yfir leiði hans. Sá siður, að aldraðir menn og sjúkir séu drepnir og síðan brenndir, mun vera einstæður meðal Herúla og bendir til þess, að Snorri hafi mjög stuðzt við fornar arfsagnir af þessum þjóðflokki. Þannig er einnig um að ræða mikilvæg rök fyrir því, að Island ingar séu af Herúlum komnir.

Takmörkuð konungshylli

Enn eitt atriði í sögu Prókópíusar af Herúlum vekur athygli, þegar haft er i huga konungsleysi Islendinga. — Getur hann þess, að Herúlakonungar haf i mátt sín heldur lítils og yfirleitt hafi menn talið sig jafn rétt háa konungi sínum. Eitt sinn tóku Herúlar sig til og drápu konung sinn (kóng þennan nefnir Prókópíus Ochus), ekki fyrir það, að konungur hefði gert neitt af sér, heldur einungis vegna þess, að þeir kváðust ekki vilja hafa yfir sér neinn konung lengur. Herúlar iðruðust þó þessa frumhlaups og létu senda eftir nýjum konungi- — Að sögn Prókólíusar var ferð gjör til "Thule" til að ná í nýjan kóng. Með konungsöflun þessari er látin fylgja lýsing á Thule, lifnaðarhátt um manna þar og siðum, en hún er það furðuleg, að óparfi er að láta hana fylgja með hér. Hvað varðaði óskir Herúla um konungsleysi, þá áttu þær ekki eftir að rætast fyrr en á níundu öld norður á Islandi.

Germania

1 „Germania" ræðir Tacitus um guði norrænna manna. Telur hann Merkúr (Óðin) hafa verið þeirra æðstan og hafi honum verið færðar mannfórnir. — Kemur þetta heim við frásögn Prókópíusar af guðum Herúla, en hann getur þess, að i þeir haf i tilbeiðid fjölda guða og fórnað þeim mönnum. Næstan Merkur telur Tacitus Mars (Tý) standa og þann þriðja nefnir hann Herkúles (Þór) Þeir Mars og Herkúies voru blíðkaðir með dýrafórnum. — Einnig getur Tacitus um gyðjuna Nerþus, sem er sama nafnið og Njörður, aðeins eldri mynd, og ef tir lýsingu Tacitusar er Njörður ótvírætt frjósemigoð. Á landnámsöld Islands voru Þór, Óðinn og Freyr höfuðguðir

Norðurlanda. Njörður virðist einnig hafa verið allmikið tignaður, þótt dýrkun hans haf i verið farin að þverra. Á Islandi er hvergi getið um dýrkun Njarðar, en hinsvegar skal hafa það í huga, að í eiðstaf íslendinga, sem hver maður, er vann lögeið, varð að haf a yf ir, voru goðin svo ákölluð: „Hjálp mér svo Freyr og Njörður og inn almátteki áss" örlar hér fyrir dýrkun Herúla á frjósemiguðinum Nirði.

Nú skiptir það ekki höf uðmáli, þó ekki takist að sýna fram á dýrkun Herúlagýðjunnar Merþusar í mynd Njarðar á Islandi, því auk hans voru Vanagoðin Freyr og Freyja arftakar frjósemi-gýðjunnar í trúarlífi forfeðra okkar. Tacitus greinir svo frá: „Kem ég þá aftur að austurströnd svefneska hafsins. Verða þá fyrir oss eistneskar þjóðir, er við það haf byggja, hafa þær á sér snið Svefa og hátterni allt, en fremur líkist tunga þeirra hinni brezku. Þeir tigna móður guða (Nerþus, sem Tacitus nefnir einnig „móðurjörð"), og til merkis um átrúnað sinn bera þeir á sér líkan villigaltar. Kemur það þeim í vopna stað og er vörn þeirra í hvívetna. Það gerir átrúendur gýðjunnar óhulta, þótt meðal óvina sé."

Svín og frjósemi

Meðal forfeðra vorra var svinaátrúnaður traustlega tengdur dýrkun Vanagoðanna. Freyja og gyltan eiga samheitið Sýr, en Freyr og gölturinn samheitið Vaningi. Í fylgd beggja goðanna er gölturinn Gullinbursti eða Hildisvín. Leifar hinnar fornu frjósemidýrkunar heldur Barði Guðmundsson fram, að birtist í bæjarnofnum á Islandi, Saurar, Saurbær, Sýrströnd, Súmadalur. — Hefur Barði þetta eftir Guðbrandi Vigfússyni úr ritgerðinni „Um tíma tal í Íslendingasögum", er Guðbrandur getur útkomu Þurbjarnar súrs úr Súrnadal: „Vér höfum fyrir satt, að hvarvetna á Íslandi og Noregi, þar sem örnefni eru kennd líkt þessu, hafi í fyrnd inni verið Freysblót og átrún aður á þau Freyju meiri en á öðrum stöðum."

Þá getur Barði þess, að í fjarlægri fornaskju hafi hin skyni gædda mannvera hlotið að veita því eftirtekt, að skit og vatni fylgdi sérstakur gróðrarkraftur. — Þess vegna munu nái tengsl haf a

myndast í hugarheimi manna milli skits, gróðursæls votlendis, hins gróskumikla illgresis, votlendisjurta og fagurgrænu dýjanna. Allt saman hlýtur sama heiti, og það heiti er tákn frjóseminnar.

Saur, samheiti fræja og sæðis manna, er sýnilega af sama toga spunnið. Þar sem lífskrafturinn og gróandinn gerðu berast vart við sig, hafa frumstæðir forfeður ætlað, að vættur frjóseminnar væri. Sú vættur hef ur eitt sinn borið nafnið Saur og verið dýrkuð. Þá merkingu orðsins saurs sem líkamleg eða andleg óhreinindi telur Barði traudla vera ýkja gamla og kennir hann þar um áhrifum hinnar kristnu kirkju, þ.e. það ógeðfella hlutskipti, sem saur hefur hlotið í málþróuninni. Hin forna saurtrú var nátengd kynferðislífinu og hlaut því að mæta megnustu andúð hjá kristnum mönnum' „Að „blóta heilög goð" eru samfarir manns og konu kallaðar í vísu einni í Ragnars

sögu. Orðbragðið bendir til fornra tengsla milli blóta og „saurlífis". Við Freysblót meðal Svía hyggja fróðir menn, að samræði hafi átt sér stað sem eins konar helgi athöfn."

Hof og kirkjur

Hafi orðið saur látið svo illa í eyrum heiðinna manna sem kristinna eftirkomenda, mundi engin hafa auðkennt heimili sitt með slíkum ófögnuði, og telur Barði sér ekki grunlaust um það, að

stundum hafi menn þurrkað saurheiti af bæjum sínum. —

Þá segir hann það ætlun merkra fræðimanna, að kirkjur hafi gjarnan verið reistar á

heiðnum helgistöðum eða í námunda við þá. — Séu íslenzku hof-bæjirnir prýðilegt dæmi þess. Vitnar Barði í athugun Olafs Lárus sonar á tölu fornra kirkjustaða meðal ýmissa bæjarnafnaflokka landsins. Af hof bæjunum reyndust 37.5% kirkjustaðir. — Næstflest kirkjubýli voru í flokki ,fell

bæjanna, en athyglisverður er sá fjöldi kirkjustaða, sem er af ,saur'-bæjarflokknum, 26.4%, eða helmingi fleiri en kirkjubýli "fell"-bæjanna- —

Þá megi og geta þess, að flestir þeir saurbæir, sem ekki er vitað um, að verið hafi kirkjubýli, liggja mjög nálægt fornum kirkjum, og um einn sé það kunnugt, að þar var bænhús forðum.

Fjöldi fleiri dæma um tengsl svínadýrkunar, frjósemidýrkunar og átrúnað á Frey og Freyju telur Barði fram máli sínu til stuðnings.

Í kaflanum um Freysdýrkun í bók sinni „Heiðinn siður á Íslandi“, rennir Ólafur Briem einnig stoðum undir kenningar Barða. Þannig má segja, að gerð hafi verið nokkur skil þeim þætti forns átrúnaðar, sem rekja má frá Svartahafi til Íslands, frá forfeðrum vorum Herólum til íslenzkra landnámsmanna.

Eftirmáli

Erifitt er að gera viðunandi skil hinum frjóu hugmyndum Barða Guðmundssonar í stuttri grein og verður það, sem komið er, látið nægja.

Við lestur bókar Barða verður vart hjá því komizt að trúa þeirri staðhæfingu hans, að „þjóðin sé eldri en Íslands byggð“, enda færir hann máli sínu til stuðnings fram fjölda fleiri kenninga en þær

sem að ofan hefur verið á drepið. Þess má og geta, að þrátt fyrir sýnilegt hirðuleysi almennt á þessum kenningum, hefur Barði Guðmundsson haft áhrif, sem trauðla munu hverfa sporlaust. Þess bera vitni rit þeirra dr. Kristjáns Eldjárns og Ólafs Briem, eins og að ofan er getið, og við lestur bókar Sigurðar Nordals, „Íslenzk menning“, verður áhrifa Barða gjörla vart. Trúlega mun þó enn verða nokkur bið á því að kenningar Barða nái almennri hylli, amk. meðan menn láta trúna á norskan uppruna Íslendinga villa svo fyrir sér, að þeir sjái ekki lengra nefi sínu. Vart mun hins vegar hjá því fara, að sá götuslóði, sem Barði sá glitta á inn í rökkur heiðinnar fyrnsku,

verður fjölfarnari er á líður.

mnx

Skóða nánar [hér](#)